

Reglur um samskipti skóla og trúfélaga í Árborg

1. Í samskiptum skóla og trúfélaga skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla sem eru í gildi hverju sinni og skólustefnu sveitarfélagsins. Út frá áherslum í skólustefnu Árborgar 2013-2016 skal meðal annars taka mið af eftirfarandi leiðarljósi og markmiðum:

Leiðarljós: Skólar skulu leitast við að vera í góðum tengslum við nærsamfélag sitt og nýta þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða.

Marmið:

- Virk og góð tengsl séu á milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila.
 - Skólar leitast við að efla skilning nemenda á uppbyggingu nærsamfélagsins.
2. Í samskiptum skóla og trúfélaga skal leggja áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu í fjölmenningsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.

Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir séu á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu.

Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskráa og skólustefnu Árborgar.
 3. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristninnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar. Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir.
 4. Forðast skal eftir fremsta megni að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Um almenna kynningu eða auglýsingar á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

Reglur þessar grundvallast á þeim meginviðmiðum sem fram koma í tillögu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem skipaður var 4. október 2012. Biskupsstofa, Heimili og skóli, Kennarasamband Íslands, Samband íslenkra sveitarfélaga og Siðmennt áttu fulltrúa í hópnum, auk fulltrúa ráðuneytisins.



Samþykkt í bæjarráði Árborgar fimmtudaginn 18. desember 2014